



Verkmenntaskólinn á Akureyri

STÆF2RH05 – Fjarkennsla

Bréf 11

7. kafli Rúmmálsreikningur

Lesið vel bls. 105-113. Það eru einnig nokkrir QR kóðar sem gott er að líta á.

Þessi kafli fjallar um rúmmál og þar bætum við við þriðju víddinni sem er dýpt.

Rúmmál = Lengd * Breidd * Hæð

Lengd sinnum breidd er flatarmál í tvívídd. Þriðja víddin er þá hæð.

$V = l \cdot b \cdot h$ eða, til einföldunar: $V = B \cdot h$ þar V stendur fyrir rúmmál („volume“), B er flatarmál botnflatar og h er hæð hlutarins.

Skoðið einnig vel hvernig á að breyta á milli mælieininga á bls.107.

ATH. oft er betra að breyta tölum í þá mælieiningu sem þið eigið að svara í áður en þær eru margfaldaðar saman.

ATH. einnig að þegar á að finna hvað form geta tekið marga lítra er lang best að breyta tölum í dm áður en reiknað er rúmmál því að $1 \text{ dm}^3 = 1 \text{ ltr}$.

Farið vel yfir sýnidæmin og reiknið síðan verkefni 7. Þetta er síðasti kaflinn og síðasta verkefnið og þið hafið þrjár vikur til að reikna verkefnið í SKO bókinni og skilaverkefnið en páskafríið kemur inn í þann tíma. Skiladagur á skilaverkefni 10 er 28 apríl.

Fimmtudaginn 24. apríl opnar seinna Moodle verkefnið. Þið hafið frá fimmtudegi til þriðjudags til að vinna það eins og síðast og þegar þið byrjið á verkefninu hafið þið 90 mínútur til að klára það. Ég mun minna ykkur á það í næsta bréfi.

Gangi ykkur vel og munið að heyra í mér ef ykkur vantar aðstoð með dæmi.